

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Október 2017

Skráð atvinnuleysi var 1,9% í október

Skráð atvinnuleysi í október var 1,9% og jókst um 0,1 prósentustig frá september. Að meðaltali fjölgaði um 133 á skrá í október í ár frá október í fyrra (2016), en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,0%.

Litlar breytingar voru á atvinnuleysi í október víðast á landsbyggðinni nema á Suðurnesjum og Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi jókst um 0,3 prósentustig. Hins vegar minnkaði atvinnuleysið á Vesturlandi um 0,1 prósentustig og var 1,4%. Á höfuðborgarsvæðinu breyttist atvinnuleysið ekki milli mánaða og var 2,0%.

Alls höfðu 836 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október en voru 912 í októberlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 76 milli ára.

Greiddar voru 694 milljónir í atvinnuleysistryggingar í október og 880 milljónir í fæðingarorlof.

Í október komu alls inn 150 ný laus störf sem auglýst

voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Er það um 28% fækkun frá fyrri mánuði. Auglýst störf eru nokkuð fjölbreytt, þannig er um 30% starfa fjölbreytt störf við þjónustu s.s. þjónar, kokkar og starfsfólk við gæslu og umönnun, 21% stjórnunar eða sérfræðistörf og um 20% eru störf verkafólks í ýmis konar þjónustu.


Alls fóru 494 einstaklingar af skrá í októbermánuði, þar af fóru 264 í vinnu eða um 53%.

Alls voru 74 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í október, 44 karlar og 30 konur.

Alls voru 999 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok október eða um 26% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi eða 572.

Í október gaf Vinnumálastofnun út 164 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.546 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 en það eru fleiri útgefin atvinnuleyfi en allt árið 2016.

Skráð atvinnuleysi frá okt. 2015 til okt. 2017




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í október og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í október mældist eins og fyrr segir 1,9% og voru að jafnaði 3.466 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 105 á atvinnuleysissskrá frá september. Hins vegar voru nú 133 fleiri á atvinnuleysissskrá en í lok október 2016.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 2,4% og 2,0% á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra.



Alls voru 1.694 karlar að jafnaði atvinnulausir í október og 1.772 konur og var atvinnuleysi 1,7% meðal karla og 2,2% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,2 prósentustigi lægra en í október 2016. Atvinnuleysi eykst á hinn bóginn lítið eitt meðal karla og er nú 0,1 prósentustigi hærra en í október 2016.

Alls voru 407 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok október í ár sem samsvarar um 1,5% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fækkað lítið eitt frá október 2016 þegar 430 ungmenni voru atvinnulaus. Hins vegar eru töluvert fleiri atvinnulausir á aldrinum 25-54 ára nú heldur en fyrir ári og munar þar 159 manns. Fjöldi atvinnulausra á aldrinum 55-69 ára eykst mun minna á milli ára.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

694 milljónir

Í OKTÓBER

Þar af voru:

632 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

23 milljónir vegna barnadagpeninga.

39 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 836 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október en voru 912 í októberlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 76 milli ára. Á sama tíma hefur þeim sem hafa verið atvinnulausir innan við ár fjölgað nokkuð, eru nú 3.003 en voru 2.771 í lok október fyrir ári. Hlutfall langtímaatvinnulausra hefur því lækkað úr 25% í október 2016 í 22% í október 2017.

Starfsstéttir og atvinnugreinar


Fækkun var í hópi atvinnulausra sem starfað höfðu við sölu,- afgreiðslu og skrifstofustörf frá október 2016. Hlutfallslega var mest fjölgun meðal véla- og

vélgæslufólks og þá verkafólks. Einnig fjölgaði atvinnulausum meðal iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks og sérmenntaðra. Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að atvinnulausum hefur fækkað hlutfallslega mest úr fjármála- og tryggingastarfsemi en einnig úr framleiðsluiðnaði og féлага- og menningarstarfsemi. Hins vegar fjölgaði atvinnulausum í öðrum atvinnugreinum, hlutfallslega mest í landbúnaði, fræðslustarfsemi og flutningastarfsemi milli ára.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 999 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok október eða um 26% allra atvinnulausra en hlutfall erlendra ríkisborgara hefur farið hækkandi þar sem þeim fækkar hægar á skrá en íslenskum ríkisborgurum. Þessi fjöldi samsvarar um 4,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 572, sem er um 57% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



Horfur til næstu mánaða

Árstíðabundið atvinnuleysi vex yfirleitt í nóvember. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gætir eins og t.d. í mannvirkjagerð, í gistingu og í

flutningum. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi aukist lítillega og verði á bilinu 2,0-2,2% í nóvember.


Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 494 einstaklingar af skrá í októbermánuði, þar af fóru 264 í vinnu eða um 53%. Þá voru 139 (28%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok október eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í október



þeirra hafi farið í vinnu. Þá fóru 22 (4%) einstaklingar af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig fóru 23 af skrá vegna töku fæðingarorlofs, 15 hættu við umsókn eða drógu hana til baka og 31 nefndu ýmsar aðrar ástæður s.s. fóru í nám eða að bótaréttur hafi verið fullnýttur.

Hlutfall karla og kvenna sem fóru af skrá í október var nokkuð jafnt eða 51% konur og 49% karlar. Um 76% afskráðra, eða 375 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár, 69 (14%) manns í hálf til eitt ár og 50 (10%) í ár eða lengur.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina.

Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í október

Í október komu alls inn 150 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Er það um 28% fækkun frá fyrri mánuði. Flest starfanna, eða 92 (61%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst 27 (18%) á Norðurlandi eystra, 10 (7%) á Suðurnesjum og 9 (6%) á Vesturlandi. Um 8% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu.

Auglýst störf eru nokkuð fjölbreytt eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Þannig eru um 30% starfa fjölbreytt störf við þjónustu s.s. þjónar, kokkar og starfsfólk við gæslu og umönnun, 21% stjórnunar- eða sérfræðistörf og um 20% eru störf verkafólks í ýmiskonar þjónustu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf og skrifstofufólk	31	21%
Þjónustustörf	45	30%
Afgreiðslustörf	8	5,5%
Iðnaðarmenn	8	5,5%
Bílstjórar og vélafólk	5	3%
Verkafólk í þjónustu	30	20%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	23	15%
Samtals	150	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Alls voru 74 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í október, 44 karlar og 30 konur. Dreifing eftir menntun er í samræmi við dreifinguna eins og hún er meðal atvinnulausra í heild.

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í október tóku 874 manns þátt í slíkum úrræðum og hefur þátttakendum í úrræðum

fjölgað mikið frá sumarmánuðum þegar slík virkni er jafnan í lágmarki.


Af þessum 874 voru 339 í ýmis konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá voru 419 manns á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga, en einnig ýmis starfstengd námskeið, tölvunámskeið og bókhaldsnámskeið. Þá voru 70 einstaklingar skráðir í nám á framhalds- eða háskólastigi í október.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í október unnu 28 einstaklingar að slíkri hugmynd, 14 karlar og 14 konur. Þá voru 18 einstaklingar í atvinnutengdri endurhæfingu og eða öðrum atvinnutengdum verkefnum.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í október voru gefin út 25 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 14 einstaklingar. Alls hafa verið gefin út 352 slík vottorð það sem af er ári.

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, jan.-okt. 2017



Á fyrstu tíu mánuðum ársins hafa samtals verið móttækin 53 U2 vottorð útlendinga sem koma í atvinnuleit til Íslands. Er það um 20% fækkun frá fyrra ári.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysistryggingu sinni með því markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í október voru gefin út 143 U1 vottorð sem er um 50% aukning frá fyrri mánuði, flest til Póllands eða 37, næst í röðinni var Tékkland, en þangað voru gefin út og send 33 slík vottorð, 27 vottorð voru send til Spánnar. Um 46 vottorð voru send til 15 annarra ríkja.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins hafa samtals verið gefin út og send 742 U1 vottorð, sem er nokkru meira en í fyrra og raunar síðustu 4 ár að jafnaði.

Útlendingar


Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Helmingur útlendinga sem fengið hefur atvinnuleyfi eru háskólamenntaðir

Í október gaf Vinnumálastofnun út 164 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.546 atvinnuleyfi það sem af er ári. Hafa því fleiri atvinnuleyfi verið gefin út það sem af er þessu ári en allt árið 2016. Af útgefnum leyfum í október voru 58 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 63 framlengd leyfi, eitt á grundvelli þjónustusamnings og 42 leyfi til námsmanna.

Sé menntun útlendinga sem hafa fengið útgefin atvinnuleyfi skoðuð sést að ríflega helmingur þeirra er með háskólamenntun. Rúmlega 18% er með framhaldsskólamenntun og tæplega 6% eingöngu með grunnskólapróf. Vert er að vekja athygli á því að í rúmlega fjórðungs tilfella er ekki vitað hver menntun viðkomandi útlendinga er. Á meðfylgjandi súluriti má sjá samanburð menntunar þeirra útlendinga sem hafa fengið útgefin atvinnuleyfi á árunum 2015, 2016 og það sem af er árinu 2017:


Menntun útlendinga



Vert er að taka fram að innan flokksins framhaldsskóli fellur einnig iðnmenntun sem viðurkennd hefur verið hér á landi. Því miður greinir gagnagrunnur

Vinnumálastofnunar ekki á milli iðnmenntunar og annarrar framhaldsskólamenntunar.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá menntun þeirra útlendinga sem fengið hafa atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 skipt eftir kyni:



Sé rýnt í ofangreindar tölur sést að tæplega 22% karlmannna hefur lokið framhaldsskólánámi en 14% kvenna. Hlutfallið snýst hins vegar við þegar um er að ræða háskólanám, en 58,2% kvenna hefur lokið slíku námi en 49,2% karla.

Séu háskólamenntaðir sérstaklega skoðaðir eftir kyni þá sést að eingöngu 28,5% kvenna hefur fengið atvinnuleyfi á grundvelli sérfræðiþekkingar eða á grundvelli þjónustusamnings en hlutfallið er 46% hjá körlum. Líkur eru á því, án þess að nánari greining á störfum útlendinga liggja fyrir, að megin þorri annarra útlendinga sem hefur lokið háskólanámi og fengið útgefið atvinnuleyfi sinni störfum sem krefst ekki háskólamenntunar. Af þessu leiðir að 72% háskólamenntaðra kvenna og 54% háskólamenntaðra karla sinnir störfum þar sem menntun þeirra er umfram kröfur starfsins.

Útsendir starfsmenn starfa flestir innan byggingar- og mannvirkjagerðar


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 48 erlend fyrirtæki starfandi í október 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja voru samtals 467 í október og hefur þeim fækkað frá því í síðasta mánuði.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 2.032 í mánuðinum á vegum 30

starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur fækkað lítillega á milli mánaða, eða um 12.

Af þeim 30 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í október voru 19 innlendar og 11 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.944 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 88. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í október voru því samtals 555 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Vinnumálastofnun hefur kannað í hvaða atvinnugreinum útsendir starfsmenn störfuðu á tímabilinu janúar til október 2017. Samtals voru 1.852 útsendir starfsmenn starfandi á tímabilinu samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar þar sem langflestir þeirra, eða 1.279 starfsmenn, störfuðu við byggingar- og mannvirkjagerð. Skiptingu eftir atvinnugreinum má lesa af meðfylgjandi súluriti.



Dómur Hæstaréttar Íslands vegna styttingar bótatímabils


Þann 1. júní 2017 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands um styttingu á bótatímabili atvinnuleysistrygginga úr 36 mánuðum í 30 mánuði. Í niðurstöðu dómsins kemur m.a. fram að Alþingi hafi verið óheimilt að skerða bótarétt þeirra sem þegar

höfðu virkjað rétt sinn til atvinnuleysisbóta fyrir 1. janúar 2015 og eiga þeir samkvæmt niðurstöðu dómsins rétt á 36 mánaða bótatímabili. Hins vegar hefur dómurinn ekki áhrif á þá sem fengu fyrst greiddar atvinnuleysisbætur eftir 1. janúar 2015.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar kannaði Vinnumálastofnun hversu margir einstaklingar kynnu að eiga rétt á grundvelli dómsins, þ.e. til lengingar á tryggingartímabili sínu og/eða afturvirkum greiðslum atvinnuleysisbóta. Var það niðurstaða stofnunarinnar að rúmlega 2.300 manns kynnu að eiga þennan rétt á grundvelli dómsins.


Strax í júní sl. lengdi Vinnumálastofnun bótatímabil 1.175 einstaklinga, úr 30 mánuðum í 36 mánuði, sem áttu rétt til slíks og voru að þiggja greiðslur atvinnuleysistrygginga. Áttu þessir aðilar enn fremur ekki rétt til greiðslna afturvirkra atvinnuleysisbóta.

Umsóknir um afturvirkar greiðslur



sundurliðun á greiðslum liggur ekki fyrir að svo stöddu en verður birt þegar fyrir liggur.

Fjöldi sem kunna að eiga rétt skv. dómi Hæstaréttar



Í kjölfarið hóf Vinnumálastofnun að hafa skipulega samband við þá 1.181 einstaklinga sem kynni að eiga rétt á afturvirkum greiðslum atvinnuleysisbóta eða lengingu á bótatímabili sínu. Var haft samband við alla með tilkynningu inn á "mínar síður" þeirra hjá Vinnumálastofnun auk þess að sendur var tölvupóstur á skráð netfang hjá stofnuninni. Af þeim sem fengu slíka tilkynningu hafa 663 þegar skoðað tilkynninguna.

Samtals hafa Vinnumálastofnun borist 457 umsóknir um afturvirkar greiðslur atvinnuleysisbóta. Af þeim hefur Vinnumálastofnun samþykkt 368 umsóknir, hafnað 89 en óafgreiddar umsóknir eru fimm.

Samtals hefur Vinnumálastofnun greitt 281.997.214 kr. í afturvirkar greiðslur og að frádrægnum sköttum og öðrum frádráttarliðum hefur stofnunin greitt 158.483.148 kr. til þeirra einstaklinga sem eiga rétt á afturvirkum greiðslum atvinnuleysisbóta. Nánari

ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 5 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í október

FÆÐINGARORLOFS-SJÓÐUR GREIDDI

880 milljónir

til 1.012 karla og 2.812 kvenna í október 2017

Þjónustan

Atvinnutorg opnar á 1.hæð í Kringlunni

Í október opnaði Vinnumálastofnun glæsilega aðstöðu fyrir atvinnuleitendur sem þurfa aðstoð í atvinnuleitinni undir leiðsögn ráðgjafa á fyrstu hæð í Kringlunni 1.


Atvinnutorgið er fyrir þá sem vilja aðstoð í atvinnuleit, góð ráð varðandi ferilskrána og almenna ráðgjöf er snýr að atvinnuleitinni. Vinnuaðstaðan er til fyrirmyndar og er unnin að fyrirmyndum erlendis frá þar sem persónuleg aðstoð við atvinnuleitendur hefur náð frábærum árangri. Ráðgjafi er ávallt á svæðinu til aðstoðar og tölvur eru fyrir þá sem vilja aðstoð varðandi atvinnuumsóknir og uppfærslu á ferilskrá. Síðast en ekki síst er ávallt heitt kaffi á könnunni atvinnuleitendum á Atvinnutorginu að kostnaðarlausu.

Atvinnutorgið er opið:

ÞRIÐJUDAGA – FIMMTUDAGA FRÁ KL. 9:00-15:00
FÖSTUDAGA FRÁ KL. 9:00-12:00

Lokað er í hádeginu (12-13)

Hlökkum til að sjá ykkur á Atvinnutorginu !



Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra